

„Gunnar Ólafsson“, V. E. 284, til tryggingar
báðum framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri að-
för að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu, sem Guðmundur Ólafsson, hrm. hér í
bæ, hefir, fyrir hönd Gests Guðjónssonar, höfðað fyrir
sjóréttinum gegn Helga Benediktssyni, f. h. Verzlunarfé-
lags Vestmannaeyja, var stefndur ekki mættur eða nokkur
af hans hálfu er málið féll í rétt 25. apríl s. l., en stefn-
andi lýsti því yfir í því réttarhaldi, að stefndur hefði
haft málsskjölin í sínum höndum frá 21. febr. s. l. Endur-
tók stefnandi þá og lét bóka kröfur sínar um dóm yfir
stefndum til greiðslu á kr. 4094,17 með 6% ársvöxtum
frá 2. júlí 1929 til greiðsludags og kr. 331,50 í málskostnað.
Svo krafðist stefnandi og að honum yrði tildæmdur
sjóveðréttur fyrir upphæðum þessum í línuveiðaranum
„Gunnar Ólafsson“ V. E. 284 þar sem upphæð sú, sem
stefnt er til greiðslu á, sé kaup skipstjóra og skipverja á
umræddu skipi.

Með því að engin andmæli liggja fyrir gegn kröfum
þessum ber að taka þær til greina að öllu leyti.

Mánudaginn 24. apríl 1933.

Nr. 197/1932. **Réttvísín** (Stefán J. Stefánsson)
gegn

Hermanni Jónssyni

(cand. jur. Gústaf Sveinsson).

Brot g. l. nr. 6, 4. júní 1924.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. júlí 1932: Ákærður,
Hermann Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar
í þessu máli.*

Málskostnaður, þar með talin 50 krónu málsvarnarlaun til Gústafs Sveinssonar, greiðist af almannafé.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, hafa ýmsar nýjar upplýsingar um málið fengizt. Í ágúst eða september 1931 hafði ákærði að því er virðist, samfarir við stúlku nokkra hér í bænum er seinna reyndist vera haldin syfilis. Skömmu eftir þessar samfarir kveðst ákærði hafa kennt lasleikaþreytu í þvagfærunum, er hann hafi þurft að kasta af sér vatni. Í byrjun október s. á. fekk hann Svein lækni Gunnarsson til þess að skoða sig, en læknir þessi sá þykkildi nokkurt framan á getnaðarlim ákærða, og vísaði nonum því strax til Hannesar Guðmundssonar, sem er sérlæknir í kynsjúkdómum. Þangað kom ákærði 6. okt. s. á., og telur Hannes ákærða þá hafa haft lekandi, sem var þó í afturbata og telst þrotinn þar af hafa horfið alveg á næstu 3—4 dögum. En auk þess varð Hannes var við þrota neðan á getnaðarlim ákærða og sagði honum því, að koma bráðlega aftur til blóðrannsóknar, með því að læknirinn var ekki grunlaus um, að ákærði gengi með syfilis. Síðar í þessum mánuði varð ákærði var við bólgu í kirtlum bak við eyru og í nára, og fór hann þessvegna til Gunnlaugs Einarssonar læknis, sem einnig fann æðabólgu innan á læri ákærða, en datt þó ekki í hug, að hann hefði syfilis. Loks 5. nóv. fór ákærði aftur til Hannesar, og leiddi nú blóðrannsókn í ljós, að ákærði gekk með syfilis á öðru stigi.

Ákærði byrjaði að hafa samfarir við unnustu sína um eða eftir miðjan október 1931. Samkvæmt

Því, sem að framan segir, hlaut ákærði að hafa haft um þetta leyti grun um, að hann kynni að vera haldinn smitandi kynsjúkdómi. Sérstaklega hlaut skipun Hannesar læknis um blóðrannsóknina að vekja þann grun. Samfarir ákærða við unnustu sína á þessu tímabili, sem enga hugmynd hafði um neitt af þessu, eru því hegningarverðar samkvæmt lögum nr. 6/1924, enda virðist mega líklegast telja, að þá hafi hún sýkt af honum, því að um áramótin 1931—1932 var veikin í henni komin á 2. stig.

Eftir að ákærði vissi sig sýktan af syfilis, kveðst hann þegar hafa skýrt unnustu sinni frá þessu. Þrátt fyrir vitund um þetta hafði hún gengið að eiga hann 5. dez. 1931, en aldrei hafi þau haft samfarir á þessu tímabili, enda þótt þau hafi, er þau voru orðin hjón, flutt saman í íbúð ákærða og sofið í samstæðum rúmum ein í sama svefnherbergi, svo sem ákærði hefir sjálfur skýrt frá í rannsókn málsins. Unnusta og síðar kona ákærða hefir þar á móti stöðugt haldið því fram og unnið eið að því, að ákærði hafi leynt hana sjúkdóminum, enda mundi hún alls ekki hafa gengið að eiga hann, ef hún hefði vitað um sjúkdóminn, og að þau hafi á þessu tímabili bæði fyrir og eftir 5. dez. 1931, haldið samförum sínum áfram. Þessi framburður konunnar er í öllum atriðum miklu sennilegri en skýrslur ákærða um þessi atriði. Þar að auki hefir ákærði gefið vitandi ósanna skýrslu í málinu, með því að hann neitaði því, svo lengi sem þess var kostur, að hann hefði haft, nokkurn tíma samfarir við aðra konu en unnustu sína hér á landi. Hann duldi prest þann, er gaf þau, hann og unnustu hans, saman í hjónaband, sjúkdómsins. Og um sum önnur atriði

hefir hann ekki gefið réttar eða nákvæmar skýrslur, án þess að hann hafi gert grein fyrir því hvernig á því stæði. Allt þetta talar gegn ákærða. Þegar alls þessa er gætt, þá virðist verða að leggja skýrslu konu ákærða til grundvallar um samband þeirra á þessu síðara tímabili. Og verður þá að telja ákærða hafa einnig á því með samförum sínum og samlífi með unnustu sinni og síðar konu gerzt brotlegan við áðurnefnd lög. Og þykir refsing hans fyrir framannefnd brot hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Samkvæmt þessu verður að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði þar á meðal 50 krónur til talsmanns hans þar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hermann Jónsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann allan sakarkostnað í héraði, þar með taldar 50 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns þar, cand. jur. Gústafs Sveinssonar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefássonar og cand. jur. Gústafs Sveinssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Hermann Jónssyni, kaupmanni, til heimilis á Bergstaðastræti 30 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 6, 1924 og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina: Hinn 13. febrúar síðastliðinn barst lögreglunni kæra frá Hildi Guðmundsdóttir Óðinsgötu 12, þess efnis, að maður hennar, ákærður í máli þessu, Hermann Jónsson, hefði sýkt hana af syfilis. Í fyrsta réttarhaldi út af kæru þessari, vildi kærandiinn fá að afturkalla kærana og var því málið sent dómismálaráðuneytinu. En samkvæmt fyrirlagi þess var málinu haldið áfram. Kærandi hefir skýrt svo frá málavöxtum, að hún hafi hinn 5. dezember f. á. giftust ákærðum Hermann Jónssyni. Skömmu áður en þau giftust, kveður hún að ákærður hafi haft orð á því við sig, að hann hefði einhverntíma orðið veikur, en það væri nú löngu læknað. Kveðst hún hafa skilið þessi ummæli hans á þann veg, að hann hefði einhverntíma haft „gonorrhoe“. Nokkru fyrir jólin kveðst kærandi svo hafa fengið blöðrubólgu, að því er hún hélt, og fór til Katrinar læknis Thoroddsen, sem lét hana hafa skammta, sem henni batnaði af í bili. En um jólaleytið tóku kirtlar að bóligna í nára kæranda, og sagði hún þá manni sínum frá þessu, og ráðlagði hann henni að fara til Hannesar læknis Guðmundssonar en ekki til Katrinar Thoroddsen. Fór kærandi því til Hannesar Guðmundssonar, sem skoðaði hana og tók af henni blóðprufu. Kom þá í ljós, að kærandi hafði syfilis, og var veikin komin á II. stig. Fyr en þá að læknirinn sagði henni frá þessu, kveðst kærandi ekki hafa haft hugmynd um að hún hefði veiki þessa og ekki heldur að maður hennar hefði hana.

Ákærður hefir skýrt mjög á annan hátt frá málavöxtum. Hann hefir enga grein getað gert fyrir því, á hvern hátt eða af hverjum hann hafi smitast af veikinni. Kveðst hann fyrst hafa tekið eftir því fyrir ca. 5 árum, að brúnn baugur var kominn kringum mitti hans. Þessi baugur þvingaði ákærðan þá ekki, en hann fór þá til Halldórs læknis Hansen. Kveður ákærður að Halldór hafi sagt sér,

að þessi baugur mundi stafa út frá maganum, með því að hann væri magaveikur. Hirti ákærður svo ekki frekara um þetta að sinni. En síðastliðið haust varð ákærður var við að kirtlarnir bak við eyrun og lærkirtlarnir bólgnuðu, og baugurinn um hann miðjan breikkaði allt í kring. Fór ákærður þá í nóvemberbyrjun til Gunnlaugs lækni Einarssonar. Taldi hann sjúkleik ákærða stafa af bólgnum kirtli í hálsi og gaf honum viðeigandi ráðleggingar við því. Þar sem baugur sá, sem fyrr er nefndur, hafði tekið þessum breytingum, ákvað ákærður að fara til Hannesar lækni Guðmundssonar. Hafði hann þá nokkru áður verið til lækninga hjá Hannesi við lekanda og farið til hans að ráði Sveins lækni Gunnarssonar. Er ákærður kom til Hannesar hið síðara skiptið tók Hannes blóðprufu af honum. Blóðprufan leiddi í ljós að ákærður var með syfilis á II. stigi. Það var í byrjun nóvember að Hannes sagði ákærðum þetta. Hefir ákærður ákveðið haldið því fram, að fyrr en þá hafi hann ekki haft hugmynd um að hann væri með syfilis. En þá var hann trúlofaður kærandi og höfðu þau ákveðið að gifta sig í desember. Kveður ákærður, að Hannes hefði gefið sér von um, að hann yrði jafngóður eftir venjulegan kúr, sem væri 10 sprautur, og sprautan væri gefin með 5 daga millibili. Strax sama kvöldið og ákærður fékk að vita þetta, kveðst hann hafa farið heim til kærandi, en hún lá þá veik heima hjá föður sínum á Óðingsgötu. Kveðst hann þá hafa sagt henni hvernig komið var og kveðst hafa sagt henni ummæli Hannesar lækni. Kveður ákærður að kærandi hafi þá sagt, að þetta breytti engu í þeirra ákvörðun, fyrst hann yrði jafngóður.

Ákærður kveður, að hann hafi byrjað að hafa samræði við kærandi í október síðastliðinn. Kveður hann að þau hafi aldrei haft samræði saman eftir að hann fékk að vita að hann væri með syfilis. Kærandi kveðst minnst þess, að ákærði hafi komið heim til hennar kvöld eitt á Óðingsgötu 12 er hún var lasin. Kveður að hann hafi þá sagt sér að hann hefði haft snert af kynferðissjúkdómi, en sá sjúkdómur væri nú batnaður. Kveður hún að hann hafi alls ekki minnst á að það væri syfilis, sem að honum gengi, kveður og að hann hafi ekki minnst neitt á Hannes Guðmundsson lækni í þessu sambandi. Hinsvegar stað-

festi kærandi það, að hún hafi byrjað að hafa samræði við ákærðan seint í október eða í byrjun nóvember s. l. En hún heldur því hinsvegar fram að þau hafi jafnt verið saman eftir þetta samtal, sem áður, og eins hafi þau verið saman eftir að þau giftust, án þess að gera nokkrar var-úðarráðstafanir.

Hannes Guðmundsson læknir hefir verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann hefir skýrt svo frá, að samkvæmt lækningabókum sínum hafi ákærður fyrst komið til hans 6. október síðastliðinn. Hafði hann þá fengið lekanda fyrir ca. 7 vikum og kom frá Sveini Gunnarssyni lækni. Kveður hann að ákærður hafi verið orðinn hérum bil jafngóður af lekandanum, en hann gekk til vitnisins 3—4 sinnum og hvarf þá þrotinn alveg. Kveðst læknirinn hafa ráðið ákærðum að koma til sín eftir viku til 10 daga til þess að tekin yrði af honum blóðprufa. En ákærður kom ekki aftur til Hannesar fyrr en 5. nóvember, en hafði í millitíðinni leitað til Gunnlaugs Einarssonar. Tók nú Hannes af ákærðum blóðprufu og kom þá í ljós, að hann hafði syfilis á II. stigi. Kveður Hannes að hann hafi enga grein getað gert fyrir því hvernig hann hefði fengið sjúkdóm þennan. Kveður Hannes að honum hafi komið það þannig fyrir sjónir, að ákærður hafi ekki vitað að hann gekk með syfilis, fyrr en hann sagði honum það. Hannes hefir og borið það, að ákærður hafi sagt sér, að hann hefði sagt kærandi frá því að hann væri með syfilis. Kveðst hann því hafa spurt kærandi að því, er hún kom til lækningar til hans, hvort henni hefði virkilega verið kunnugt um að ákærður væri með þessa veiki, og hafi hún engu svarað því og hafi honum þá skilist það svo, að úr því hún ekki neitaði því, þá hafi henni að einhverju leyti verið kunnugt um veiki ákærða. Ennfremur kveðst Hannes eftir að umrædd kæra var komin fram, hafa talað við ákærðan og kærandi heima hjá sér, ívort í sínu lagi, og kveður hann að þá hafi alveg sama komið fram hjá kærandi, hún hafi ekki borið á móti því, að henni hafi að einhverju leyti verið kunnugt um veikindi ákærða. Hann kveður og að hún hafi aldrei minnst á það, að hún hefði haldið að það væri lekandi, sem gekk að ákærðum, kveðst Hannes ekkert hafa heyrt um það fyrr en að hann sá kæru hennar.

Kærandi hefir hinsvegar að öllu leyti haldið við sinn framburð, um að hún hafi ekki haft hugmynd um að ákærður væri haldinn af syfilis. Kveðst hún minnast samtals síns við Hannes læknir, að hann hefði spurt sig að því, hvort henni hafi verið kunnugt um það að ákærður væri með syfilis áður en þau giftust, en hún kveðst hafa sagt honum að hún hefði ekki vitað það. Máli sínu til sönnunar hefir kærandi tekið það fram, að hún mundi ekki hafa farið til Katrínar Thoroddsen, ef hún hefði vitað að ákærður var með syfilis, heldur mundi hún þá þegar hafa haldið að hún væri smituð orðin af syfilis og farið beint til Hannesar.

Að framburði sínum hefir kærandi unnið eið.

Eins og að framan getur, kveðst ákærður ekki hafa vitað, að hann var með syfilis fyrr en Hannes læknir Guðmundsson sagði honum það. Hann hefir heldur ekki getað gert grein fyrir því, hvar hann hafi fengið veikina. Fyrir 8—9 árum kveðst hann hafa orðið samskipa manni, sem var hlaðinn kýlum. Kreisti ákærður af honum kýlin og þvoði sárin með því að maðurinn sagði honum að kýlin væru hættulaus. En síðan kveðst ákærður hafa heyrt, að maður þessi hefði verið með syfilis. En er ákærður var erlendis kveðst hann aldrei hafa haft samfarir við kvenfólk nema einu sinni á opinberu húsi í Portugal, en þar var trygging fyrir því að menn yrði ekki veikir. Ákærður hefir eftir að hann kom heim gengið til þriggja lækna auk Hannesar, þeirra Halldórs Hansen, Gunnlaugs Einarssonar og Sveins Gunnarssonar. Enginn þessara lækna hefir athugað neitt um það, að ákærður hefði syfilis. Sveinn Gunnarsson kveðst að visu ekki hafa athugað ákærðan neitt að ráði, var kvaddur upp í búð til hans í byrjun október síðastliðinn. Kvartaði ákærður undan því, að eitthvað væri að penis. Fann Sveinn þá sár eða þykkildi undir hettunni, en rannsakaði þetta ekkert nánar heldur visaði honum að fara tafarlaust til Hannesar Guðmundssonar með sjúkdóminn.

Álits landlæknis hefir verið leitað um það, hvað langur tími liði frá smitun syfilis til þess að einkenni annars stigs sjúkdómsins komi í ljós. Segir hann að sá tími sé elmennt talinn 8—9 vikur frá smitun við það, að sjúkdómurinn hafi ekki fengið viðeigandi læknismeðferð á þessu tímabili.

Ákærður var tekinn til meðferðar af Hannesi Guðmundssyni við syfilis á II stigi hinn 5. nóvember síðastliðinn, en kærandi hinn 7. janúar síðastliðinn.

Eins og málavextir þeir, sem hér hafa verið raktir, bera með sér, þá verður ekki samkvæmt framburði Hannesar Guðmundssonar lækni og gegn eindreginni neitun ákærða talið sannað, að ákærður hafi vitað eða grunað, að hann væri með syfilis, fyrr en hann kom til Hannesar í síðara skiptið, en það var 5. nóvember síðastliðinn. En samkvæmt samhljóða framburði ákærða og kærandi hefir ákærður þá verið byrjaður að hafa samfarir við kærandi. En eftir að ákærður fékk að vita, að hann hefði syfilis, kveðst hann hafa sagt kærandi það, og aldrei hafa haft samfarir við hana eftir það, og ekki heldur eftir það að þau voru gift. En kærandi hefir haldið því fram, að þau hafi jafnt haft samfarir eftir samtal það, sem hún viðurkennir, að þau hafi haft um veikindi ákærða, og eins eftir að þau voru gift. Að þessum framburði sínum hefir kærandi unnið eið og ekkert hefir komið fram, sem hnekki honum annað en framburður ákærða. Enda verður það að teljast eðlilegast, að úr því að kærandi og ákærður fóru að gifta sig, eftir að ákærður vissi að hann var með syfilis, þá hafi þau haldið áfram að hafa samfarir í hjónabandinu. En fullkomin sönnun fyrir því verður ekki fengin gegn eindreginni neitun ákærða.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. nóvember 1897. Honum hefir ekki verið refsað áður fyrir nokkurt afbrot.

Með því að ekki verður talið sannað, að ákærður hafi vitað, að hann hafði syfilis, er hann fyrst fór að hafa samfarir við kæranda, og líklegast er, að hann hafi þá smitað hana, og ekki verður heldur fengin alveg fullkomin sönnun fyrir því, að hann hafi haldið áfram að hafa samfarir við hana, eftir að hann vissi að hann var með syfilis, þá verður að áliti réttarins að sýkna ákærðan af ákæru réttvisinnar í þessu máli. Málskostnaður, þar með talinn 50 krónur í málsvarnarlaun til Gústafs Sveinssonar greiddast af almannafé.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.